# Hvað er lesblinda?

Nemendaþjónusta ME

Lesblinda er taugalíffræðileg röskun á hæfni til að lesa úr táknum ritmáls - breyta bókstöfum í hljóð.

(*International Dyslexia Association*, e.d. (a))

1

Orð á blaði til lesturs:

**Lestur**
**er**
**margþætt**
**ferli**

2

Heilinn kóðar í hljóð:

[l] [ɛ] [s] [t] [ʏ] [r]

[ɛ] [r]

[m] [a] [r] [g] [θ] [aɪ] [$^{h}$t]

[f] [ɛ] [rdl] [ɪ]

3

Þú lest:

**Lestur er margþætt ferli.**

4

Ef þú þekkir öll orðin
þá tengir þú saman í:

**Aha, já einmitt... svo lestur er flókið fyrirbæri og samanstendur eflaust af mörgum hlutum...**

# Orsakir lesblindu

Orsakir lesblindu eru m.a. taldar liggja í skertri hljóðkerfisvitund, þ.e. hæfninni til að meðhöndla hljóð tungumálsins á meðvitaðan hátt, segja til um einstök hljóð orða og rím orða.

(*International Dyslexia Association, e.d. (a);* Helga Sigurmundsdóttir og Steinunn Torfadóttir, e.d. (a))

# Veikleikar í hljóðkerfisvitund birtast í erfiðleikum við að:

1

ríma

að ná t.d. að tengja orðið mús fyrirhafnarlaus við rímorð eins og lús, djús, hús o.fl.

(Helga Sigurmundsdóttir og Steinunn Torfadóttir, e.d. (b); Brownell og fl., 2012)

# Veikleikar í hljóðkerfisvitund birtast í erfiðleikum við að:

2

sundurgreina hljóð í orðum

T.d. gera sér grein fyrir að orðið sól er samsett úr hljóðunum /s//ó//l/.

(Helga Sigurmundsdóttir og Steinunn Torfadóttir, e.d. (b); Brownell og fl., 2012)

# Veikleikar í hljóðkerfisvitund birtast í erfiðleikum við að:

3

tengja saman hljóð til að mynda orð (umskrá)

Td. tengja hljóðin /r//ó/s/ til að lesa orðið rós.

(Helga Sigurmundsdóttir og Steinunn Torfadóttir, e.d. (b); Brownell og fl., 2012)

# Veikleikar í <u>hljóðkerfisvitund</u> birtast í erfiðleikum við að:

4

vinna með hljóð tungumálsins með mismunandi hætti

t.d. með því að setja hljóðið /f/ í stað /b/ í orðinu bíll og breyta því í orðið <u>fíll.</u>

(Helga Sigurmundsdóttir og Steinunn Torfadóttir, e.d. (b); Brownell og fl., 2012)

# Einkenni lesblindu

Einkennin birtast í erfiðleikum með nákvæman, sjálfvirkan lestur, slakri færni í stafsetningu og umskráningu hljóða í orð.

(Liberman og fl., 1974; Jörgen Pind og Aldís Guðmundsdóttir, 2001)

# Einkenni sem birtast í lestri

1. Að vera lengi að læra bókstafi og hljóð þeirra.

2. Erfiðleikar við að vinna með tengsl stafa og hljóða.

3. Ónákvæmur og/eða hikandi lestur.

(Helga Sigurmundsdóttir og Steinunn Torfadóttir, e.d. (c))

# Einkenni sem birtast í lestri

4

Hægur leshraði (lítil sjálfvirkni).

5

Að vera lengi að byggja upp sjónrænan orðaforða.

(Að þurfa ekki að hljóða sig í gegnum orð).

6

Lítil lesfimi.

(Helga Sigurmundsdóttir og Steinunn Torfadóttir, e.d. (c))

# Einkenni sem birtast í stafsetningu

1

## Brottfall stafa

(t.d. skrjóður verður skróður eða skjóður).

2

Að eiga erfitt með að greina stutt og langt sérhljóð (einfaldan eða tvöfaldan samhljóða)

baka - bakka / dúkkur - dúkur

3

Að eiga erfitt með að greina mun á hörðum og linum samhljóðum (eins og t.d. k og g / d og t / b og p).

kaka - kaga / plata - plada

(Helga Sigurmundsdóttir og Steinunn Torfadóttir, e.d. (c))

# Einkenni sem birtast í stafsetningu

4

Að rugla saman hljómlíkum stöfum

T.d. grönnum og breiðum sérhljóðum eins og o/ó, e/é, eða b/d, f/v, n/m o.fl.

skrifa - skriva

5

Stafavíxl

T.d. ganga verður gagna.

6

Skrifa eftir framburði

T.d. jeg í stað ég, sgoða í stað skoða.

(Helga Sigurmundsdóttir og Steinunn Torfadóttir, e.d. (c))



# Önnur einkenni




Erfiðleikar við raðskipan og raðvinnslu, þ.e. að vinna/gera eitthvað í fyrirfram ákveðinni röð.

T.d. muna röð stafrófsins, margföldunartöfluna, mánuði ársins, að binda skóreimar getur reynst sumum erfitt o.fl.

(Elín Vilhelmsdóttir, e.d. (b))




Erfiðleikar við áttun og rötun, t.d. geta hugtökin hægri/vinstri, inn/út og upp/niður verið lesblindum erfið.

(Elín Vilhelmsdóttir, e.d. (b))



# Erfiðleikar við tímastjórnun og tímahugtök.

(Elín Vilhelmsdóttir, e.d. (a))




Góðir og slæmir dagar, einn daginn gengur vel, næsta dag alls ekki.

(Elín Vilhelmsdóttir, e.d. (a))

Lesblinda birtist óháð greind. Hún getur verið misalvarleg og stundum eru til staðar aðrir taugafræðilegir veikleikar samhliða henni sem auka á námserfiðleikana, t.d. sértækir lesskilningserfiðleikar, ADHD o.fl.

(Siegel, 1992; Stanovich og Siegel, 1994; Helga Sigurmundsdóttir og Steinunn Torfadóttir, e.d. (a))

# Mögulegar fylgiraskanir

Fólk með lesblindu er líklegra en aðrir til að greinast með aðrar raskanir samfara lesblindunni, t.d. ADD/ADHD, mótþróaþrjóskuröskun (ODD), hegðunarröskun (CD), sértækar málþroskaraskanir og dyspraxíu. Ástæðan er talin sú að þær nái til sömu eða nálægra svæða innan heilans.

(Darweesh, A.M. og fl., 2020; Hulme og Snowling, 2009; 95percentgroup. 2017)

# STYRKLEIKAR

## Margir lesblindir...

1

..eru gæddir mikilli sköpunargáfu.

2

..eru hugmyndaríkir einstaklingar með mikið ímyndunarafl.

3

..sjá fyrir sér lausnir með góðu innsæi.

(Elín Vilhelmsdóttir, e.d.(c))

# STYRKLEIKAR

Margir lesblindir...

4

..hugsa og muna í myndum (ekki setningum).

5

..eru forvitnir (t.d. taka í sundur hluti).

6

..eru gæddir listrænum hæfileikum.

(Elín Vilhelmsdóttir, e.d.(c))

# STYRKLEIKAR

## Margir lesblindir...

7

..eiga auðvelt með að vinna í þrívídd, t.d. byggja kofa.

8

..eru góð/ir í að leysa tæknileg vandamál.

9

..standa sig vel þar sem reynir á sköpun og hugvit, t.d. hönnun, leiklist, nýsköpun o.fl.

(Elín Vilhelmsdóttir, e.d.(c))

# STYRKLEIKAR

Margir lesblindir...

10 ..eru næmir á líkamsmál - að lesa fólk.

11 ..eru með skapandi heildræna hugsun.

12 ..eru mjög þrautseigir og gefast ekki auðveldlega upp.

(Elín Vilhelmsdóttir, e.d.(c))

Engir tveir einstaklingar með lesblindu eru eins, upplifa samskonar einkenni og búa yfir sömu styrkleikunum. Þess vegna er sjálfsþekking svo mikilvæg og kortleggja sína lesblindu.

# Tíðni

Algengar tölur eru frá 5-15% af þýði. Á Íslandi hefur tíðnin verið um 3-8% (c.a. 30.000 manns af 370.000). Hærra hlutfall glímir þó við lestrarerfiðleika.

(Rannveig G. Lund og Ásta Lárusdóttir, 2004; International Dyslexia Association, e.d. (b))

# Heimildaskrá


Brownell, M. T., Smith, S. J., Crokett, J. B. og Griffin, C. C. (2012). *Inclusive instruction. Evidenve-based practices for teaching students with disabilities.* New York: Guilford.

Darweesh, A.M., Elserogy, Y.M., Khalifa, H. et al. (2020). Psychiatric comorbidity among children and adolescents with dyslexia. *Middle East Curr Psychiatry 27* . https://doi.org/10.1186/s43045-020-00035-y

Elín Vilhelmsdóttir. (e.d. (a)). *Dyspraxía - erfiðleikar með skipulag, áttir og tímastjórnun. Fjölbrautarskólinn við Ármúla.* Sótt 8. desember 2021 af http://www2.fa.is/Studningskerfi/heimasidaStudkerfiV10/Einkenni_og_styrkleikar/DyspraxiaErfidleikar.pdf

Elín Vilhelmsdóttir. (e.d. (b)). Vísbendingar um dyslexíu - lesblindu. *Fjölbrautarskólinn við Ármúla.* Sótt 8. desember 2021 af http://www2.fa.is/Studningskerfi/heimasidaStudkerfiV10/Einkenni_og_styrkleikar/VisbendingarLesblindaDyslexia.pdf

Elín Vilhelmsdóttir. (e.d. (b)). Styrkleikar. Fjölbrautarskólinn við Ármúla. Sótt 10. desember 2021 af http://www2.fa.is/Studningskerfi/heimasidaStudkerfiV10/Einkenni_og_styrkleikar/Styrkleikar.pdf

Félag lesblindra á Íslandi. (e.d.). *Um lesblindu.* Sótt 15. nóvember 2021 af https://www.lesblindir.is/um-lesblindu/

Helga Sigurmundsdóttir og Steinunn Torfadóttir. (e.d. (a)). Lesblinda - dyslexia. *Lesvefurinn - um læsi og lestrarerfiðleika.* Sótt 15. nóvember 2021 af https://lesvefurinn.hi.is/lesblinda

Helga Sigurmundsdóttir og Steinunn Torfadóttir. (e.d. (b)). Einkenni. *Lesvefurinn - um læsi og lestrarerfiðleika.* Sótt 15. nóvember 2021 af https://lesvefurinn.hi.is/einkenni

# Heimildaskrá


Helga Sigurmundsdóttir og Steinunn Torfadóttir. (e.d. (c)). Algengar spurningar. Lesvefurinn - um læsi og lestrarerfiðleika. Sótt 15. nóvember 2021 af https://lesvefurinn.hi.is/spurningar

Hulme, C. og Snowling, M.J. (2009). *Developmental Disorders of Language Learning and Cognition.* Oxford: Wiley- BlackWell.

Jörgen Pind og Aldís Guðmundsdóttir. „Hvað er lesblinda? Er hægt að lækna hana?“ *Vísindavefurinn,* 2. maí 2001. Sótt 15. nóvember 2021 af http://visindavefur.is/svar.php?id=1556.

International Dyslexia Association. (e.d. (a)). Definition of Dyslexia. Sótt 15. nóvember 2021 af https://dyslexiaida.org/definition-of-dyslexia/

International Dyslexia Association. (e.d. (b)). Dyslexia basics. Sótt 15. nóvember 2021 af https://dyslexiaida.org/dyslexia-basics-2/

Liberman, I.Y., Shankweiler, D., Fischer, F.W. og Carter B. (1974). Explicit syllable and phoneme segmentation in the young child. *Journal of Experimental Child Psychology, 18*, 201-212.

Rannveig G. Lund og Ásta Lárusdóttir. (2004). *GRP-14: handbók: greinandi ritmálspróf fyrir 14 ára nemendur.* Reykjavík: PC Samskipti.

Siegel, S. L. (1992). An evaluation of the discrepancy definition of dyslexia. *Journal of Learning Disabilities. 25,* 618-629.

Stanovich, K. E. og Siegel, L. S. (1994). The phenotypic performance profile of reading-disabled children: A regression-based test of the phonological-core variable-difference model. *Journal of Educational Psychology, 86,* 24-53.

95 percent group (2017). *Dyslexia and Comorbidities.* Sótt 8. desember 2021 af https://www.95percentgroup.com/docs/default-source/understanding-dyslexia/understanding-dyslexia-resource_comorbidity.pdf?sfvrsn=2